

Skattheimtumaðurinn Unglingastig

Skattheimtumaðurinn er spilað svona: Við byrjum með nokkur umslög en í hverju umslagi eru peningar, frá 1 kr. upp í 12 kr. Í fyrsta er 1 kr., í næsta er 2 kr. og svo framvegis þangað til að við erum komin með 12 umslög. Þessi umslög má til dæmis teikna á töfluna.

Þú (leikmaður eða nemandi) mátt velja hvaða umslag sem er til þess að eiga. Þegar þú hefur valið kemur skattheimtumaðurinn og tekur öll umslög sem innihalda upphæðir sem eru þættir í upphæðinni sem þú tókst.

Skattheimtumaðurinn verður að geta tekið að minnsta kosti eitt umslag í hvert skipti sem þú tekur umslag. Ef umslögin sem eftir eru innihalda ósamþátta upphæðir þá getur þú ekki tekið fleiri umslög heldur er leikurinn búinn og skattheimtumaðurinn tekur öll umslögin sem eru eftir. Markmiðið er að eignast hærri upphæð en skattheimtumaðurinn og þá telst leikmaður vinna skattheimtumanninn.

Dæmi:

Fyrsta lota: Þú tekur 8 kr. Skattheimtumaðurinn fær 1 kr., 2 kr. og 4 kr.

Önnur lota: Þú tekur 12 kr. Skattheimtumaðurinn fær 3 kr. og 6 kr. (Hinir þættir 12 hafa nú þegar verið teknir).

Þriðja lota: Þú tekur 10 kr. Skattheimtumaðurinn fær 5 kr.

Þá eru einungis ósamþátta upphæðir eftir svo þú getur ekkert gert meira heldur er leikurinn búinn og þar með fær skattheimtumaðurinn umslögin sem eru eftir: 7 kr., 9 kr. og 11 kr.

Heildarupphæð:

Þú: 8 kr. + 12 kr. + 10 kr. = 30 kr.

Skattheimtumaðurinn: 1 kr. + 2 kr. + 3 kr. + 4 kr. + 5 kr. + 6 kr. + 7 kr. + 9 kr. + 11 kr. = 48 kr.

Spurningar:

- Er mögulegt að vinna skattheimtumanninn í þessum 1 – 12 kr. leik, þ.e. að fá hærri upphæð en hann? Ef svo er, hvernig?
- Hver er hæsta upphæðin sem þú getur fengið?

Útvíkkun eða viðbót: Hvað ef þú spilaðir leikinn með umslögum sem innihalda 1 krónu upp í 24 krónur? Hvað með 1 krónu upp í 48 krónur?